

LISTIR

Nem allar tungur en tyn ekki þinni eigin

Eftir Auði Hauksdóttur og Oddný G. Sverrisdóttur

Í NÝRRI danski bók um ævi Rasmusar Kristians Rasks kemur fram, að Íslendingar í Höfn hafi árið 1842 verið meðal þeirra sem lögðu fé í legstein á gróf þessa mikilvirka mál-vísindamanns. Íslendingar völdu sem kveðju sína setningu úr Konungsskuggsjá, sem var skrifuð með rúnalettri á steininn: „Ef þú vilt fullkominn vera í fróðleik þá nem þú allar tungur, en tyn þó eigi að heldur þinni tungu.“ Setningin endurspeglar viðhorf upplýstra Íslendinga um aldir, að það sé dýrmaett hverjum vel menntuðum manni að kunna mörg erlend tungumál og að hafa gott vald á eigin tungu. Á tímum alþjóðavæðingar þar sem gjörvallur heimurinn er allt í senn vettvangur verslunar, atvinnu, vísinda og mennta er dýrmaett fyrir þjóð, sem á allt undir árangursríkum samskiptum við erlendir þjóðir, að eiga viðhorf sem þetta. Viðhorf sem endurspeglar hvort tveggja í senn jákvæðan og hvort huga gagnvart menningu annarra og virðingu fyrir eigin tungu og menningu. Þetta viðhorf hefur stuðlað að framförum og menningarlegum fjölbreytileika í íslensku þjóðfélagi og hefur auk þess reynst fjölmörgum Íslendingum lykill til menntun, auði og völdum jafnt heima sem heiman.

Fram til þessa hefur það verið viðtekin skoðun á Íslandi, og um hana hefur ríkt almenn sátt, að leggja beri áherslu á að kenna íslenskum ungmennum, sem stefna á stúdentspróf, þrjú erlend tungumál hið minnsta. Nemendur á málabrautum og sumum viðskiptabrautum framhaldsskólanna hafa jafnframt lagt stund á fjórða erlenda tungumálið. Nægilega miklum tíma hefur verið varið til kennslu erlendra mála svo íslensk ungmenni hafi orðið fær um að takast á við nám og störf á erlendum vettvangi. Dæminn sanna, að þegar ungt fólk hefur snúið heim að lokinni dvöl erlendis, reynslunni ríkara og með nýjustu þekkingu í fartaskinu, hefur það gætt menningu okkar nýju lífi og stuðlað að nýbreytni í atvinnuháttum. En þetta jákvæða viðhorf til erlendra mála er ekki sjálfgæfið frekar en önnur gæði lífsins. Því þarf að standa vörð um það eigi Íslendingar að geta skipað sér í fremstu röð á alþjóðavettvangi í sfiðaröndinni samkeppni einstaklinga, fyrirtækja og þjóða.

Gott má gera betra

Eins og áður er getið getum við Íslendingar verið stoltir af því, hversu mörg tungumál eru kennd í skólum hérlendis. Með ensku sem fyrsta erlenda tungumálið, dönsku (norsku, sænsku) sem annað og frönsku, spænsku eða þýsku sem þriðja erlenda tungumál stöndum við framfar ýmsum öðrum þjóðum sem við kjósum að bera okkur saman við. Íslendingar geta því, hvað þetta varðar, verið gott fordæmi annarra þjóða. Flestir skólar ráða yfir góðum kennslu- og tækjabúnaði og margir tungumálakennarar eru mjög vel menntaðir. En betur má ef duga skal.

Á Íslandi hefst tungumálakennsla seinna en víða erlendis, sem hefur í för með sér að nemendur njóta ekki ávinningsins af því, hve móttækileg ung börn eru fyrir tungumálanámi. Þá kjósa sumir skólar að kenna lengur í senn og sjaldnar, sem fræðimenn telja að gagnast síður en að kenna oft og styttra. Endurtekning er móðir alls náms og hún skiptir sköpum í allri tungumálakennslu. Við skipulagningu málanáms verður að taka mið af því, sem vænlegast má teljast til árangurs.

Margir grunnskólar bjóða upp á val í þriðja tungumáli í efstu bekkj-



Auður Hauksdóttir



Oddný G. Sverrisdóttir


unum og er það vel. Ekki er þó alltaf samfella í náminu frá grunnskóla í framhaldsskóla. Í stað þess að halda ótraud áfram náminu, þar sem frá var horfið í grunnskólanum, endurtaka sumir nemendur námið í þriðja máli á fyrstu önnum í framhaldsskólum. Brýnt er, að þeir nemendur sem hefja nám í þriðja máli í grunnskóla njóti árangurs erfiðisins og nái lengra í tungumálinu við lok framhaldsskóla en þeir sem ekki völdu þessa leið. Til þess var leikurinn gerður.

Margir tungumálakennarar hafa áhyggjur af samdrætti í kennslu þriðja erlenda tungumáls í framhaldsskólum og óttast að sá undirbúningur, sem nemendur fá í málinu, sé ekki nægilegur til að hefja nám við erlendar menntastofnanir. Vegna aukins samstarfs Evrópuþjóða hefur tækifærum Íslendinga til háskólanáms erlendis fjölgað mjög. Miklu skiptir að ekki verði dregið úr kennslu þriðja máls svo íslenskir námsmenn verði ekki eftirbátar annarra evrópskra ungmenna. Tækifæri til framhaldsnáms og til námsstyrkja eru komin undir góðum námsárangri og í því sambandi skiptir þrást undirstaða í tungumálum sköpum.

Fram til þessa hefur námsframboð í tungumálum í flestum framhaldsskólum takmarkast við dönsku, ensku, frönsku, spænsku og þýsku og að takmörkuðu leyti latínu. Til að auka vísýni og menningarlegan fjölbreytileika í íslensku samfélagi og í ljósi markaðshagsmuna og vaxandi alþjóðlegrar samvinnu á öllum sviðum er nauðsynlegt að einstakir framhaldsskólar sérhæfi sig í kennslu tungumála á borð við japönsku, kínversku, rússnesku og jafnvel hindí. Einnig þarf að tryggja, að í nokkrum framhaldsskólum sé boðið upp á kennslu í fornmalunum latínu og grísku.

Nýir miðlar – breyttir kennsluhættir

Því miður hafa rannsóknir á tungumálakennslu hérlendis verið af skorn-



um skammti og því ekki nægileg vitneskja fyrirleggjandi um árangur tungumálakennslunnar. Þó gefa rannsóknir tilefni til að ætla, að menntun sumra tungumálakennara, einkum í grunnskólum, sé ábótavart og að sums staðar séu kennsluhættir ekki í samræmi við það sem árangursríkast er talið í dag. Í því sambandi verður mikilvægi menntunar tungumálakennara aldrei nægilega undirstrikað. Það er t.d. mikilvæg fagnadarefni að Kennaraháskóli Íslands hefur aukið mjög fagmenntun grunnskólakennara. Brýnt er að menntun tungumálakennara á framhaldsskólastigi verði að sama skapi hvergi rýrð, heldur frekar aukin ef eitthvað er.

Upplýsingatækni og nýir miðlar bjóða upp á áður óþekkt möguleika til tungumálanáms. Á órskotsstund er hægt að komast í beina snertingu við tungu og menningu erlendra þjóða og með gagnvirkum æfingum og tölvutækni geta nemendur notað hið erlenda mál til tjáskipta með áður óþekktum hætti. Tungumál lærast fyrst og síðast með því að þau séu notuð. Tölvurnar geta, ef rétt er á málum haldið, gefið nemendum ríkulæg tækifæri til þess að tjá sig á erlendum málum. Allt of heyrast tungumálakennarar kvarta undan takmörkuðum skilningi skólastjórnenda á því mikilvæga hlutverki sem upplýsingatæknin getur gegnt í málanámi. Nauðsynlegt er að opna augu skólafyrirvalda og skólastjórnenda fyrir þeim stórkostlegu tækifærum til málanáms, sem eru fölgín í skynsamlegri notkun tölva og annars háteknibúnaðar. En tækin duga ekki ein og sér. Eigi þau að gagnast sem skyldi þurfa kennarar, foreldrar og nemendur að taka höndum saman um að fara áður ótroðnar leiðir í tungumálanáminu. Taka verður mið af þörfum og getu hvers og eins og nemendur verða að fá tækifæri til að kljást við málið á eigin forsendum. Leggja verður allt kapp á, að hver einstaklingur nái eins langt í tungumálanáminu og frekast er unnt.

Vits er þörf þeim er víða ratar

Íslendingar eiga velferð sína undir hagstæðum viðskiptum við útlönd.

Allir vita, að það er mun auðveldara að kaupa vöru en selja, enda þarf ótvírætt á meiri tungumálakunnáttu að halda þegar kemur að sölu en kaupum. Með tilkomu hátæknifyrirtækja hefur átt sér stað aukin sérhæfing í útflutningi og því þurfa margir sérfræðingar, t.d. lögfræðingar, verkfræðingar og líffræðingar, á góðri tungumálakunnáttu að halda. Í samskiptum við útlendinga, og þó einkum og sér í lagi þegar selja á vöru eða hugvít, er ekki nóg að hafa orð á takteinum, kunna skil á málfræðireglum og kunna að bera fram orð á réttan hátt. Ekki skiptir síður máli að hafa innsýn í síði og venjur viðkomandi þjóðar og geta áttað sig á hvers konar hegðun og tjáskipti eru víðeigandi við ólíkar aðstæður. Ef árangur á að nást í samskiptum við útlendinga er ekki nóg að skilja aðra og geta gert sig skiljanlegan. Helst þarf að vekja athygli fyrir að hafa gott vald á hinu erlenda máli og fyrir að kunna að hegða sér rétt. Allt getur oltið á, að þeir sem geta hagsmuna Íslands á alþjóðavettvangi hafi gott vald á erlendum tungumálum.

How do you like Iceland?

Ferðabjónustan er einn helsti vaxtarbroddurinn í íslensku atvinnulífi og flestir munu á eitt sáttir um, að í þessari atvinnugrein eru gæði þjónustunnar ekki síst fölgín í góðri tungumálakunnáttu. Þetta á auðvitað fyrst og fremst við þá sem hafa bein samskipti við ferðamennina, t.d. leiðsögumenn og starfsmenn á ferðaskrifstofum, hótelum og veitingastöðum, en þetta á einnig við um aðra sem koma að þjónustu við ferðamenn með óbeinni hætti, t.d. þá sem annast gerð upplýsingaefnis á erlendum tungumálum svo sem á myndböndum, heimasíðum, í auglýsingum og ferðabæklingum. Nauðsynlegt er að þjónusta við ferðamenn fari fram á móðurmáli þeirra, a.m.k. ætti það ótvírætt að eiga við þegar stærstu hópar ferðamanna eiga í hlut, t.d. enskumælandi fólk, Þjóðverjar, Norðurlandabúar og Frakkar. Setja verður markið hátt, því þjónusta á ensku nægir hvergi ein og sér. Í röðum íslenskra ungmenna eignum við á að skipa hæfileikaríku fólk, sem hef-

ur lagt á sig langt nám í tungumálum til að geta sinnt verkefnum sem þessum. Loks má nefna menningartengda ferðabjónustu, sem gefur vonir um ný sóknarfæri. Þar er um að ræða áhugavert svið þar sem ný sýn á sögu og samtíð fléttast saman. Lykilatriði í menningartengdri ferðabjónustu er að hafa innsýn í menningu þeirra gesta sem sækja Ísland heim. Nægir í því sambandi að benda á áhuga japanskra ferðamanna á botngróðri Mývatns, sem rekja má til alþjóðtrúar Japana sem tengist þessum sérstæða gróðri sem óvíða er að finna í heiminum. Í tungumálakennslu á öllum stigum skipar menningarlausni æ hærri sess.

Menningarlegur margbreytileiki

Tungumálakunnátt er lykill að dýrmaetum og óendanlegum fjársjóðum. Tunga og bókmennir varðveita minningu kynslóðanna og sá sem býr yfir kunnáttu í erlendum tungumálum hefur því aðgang að óþrjótandi lind fróðleiks og ánægju.

Á undanföllum áratugum hafa erlendir þegnar í vaxandi mæli sest að á Íslandi. Þessir nýju þegnar flytja með sér viðhorf, þekkingu og menningu sem geta orðið til að auðga íslenska menningu enn frekar, ef rétt er á málum haldið. Mikilvægt er að fólk af ólíkum menningarheimum geti talað saman jafnt heima sem heiman, því orð eru til alls fyrst. Því betur sem einstaklingar, þjóðir og álfur ná að ræða saman, því líklegra er að skilningur og friður ríki manna á milli. Samskipti við fólk af öðrum málsvæðum og af ólíkum menningarheimum getur einnig orðið til þess að skerpa sýn okkar og skilning á eigin tungu og menningu. Johann Wolfgang von Goethe benti á þessi sannindi fyrir um 200 árum þegar hann skrifaði: „Wer fremde Sprachen nicht kennt, weiss nichts von seiner eigenen.“ Sá sem ekki þekkir erlend tungumál veit ekkert um sitt eigið.

Dr. Auður Hauksdóttir er lektor í dönsku og forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Dr. Oddný G. Sverrisdóttir er dósent í þýsku og varaforstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

Þriggja þátta myndbanda- og gjörningadagskrá

MYNDBANDA- og gjörningadagskrá hefst í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi í kvöld, miðvikudagskvöld, kl. 20. Dagskráin stendur til 9. mars og er skipt niður í þrjú tímabil. Fyrsti hlutinn nefnist Loud & Clear / Hátt og skýrt og verður myndbandsverkið frumflutt í kvöld en verður svo sýnt á opnunartíma safnsins, frá kl. 10–17 alla daga. Verkið samanstendur af níu DVD-verkum en þrjár aðilar standa að hverju verki um sig; myndlistarmaður, tónlistarmaður og auglýsingahönnuður. Eftirfarandi listamenn taka þátt í verkefnum, en þeim er skipað í þessa röð í upptalningunni hér að neðan: Pierre Huyghe, Steamboat Switzerland & Tyler Whisland. Pierre Bismuth, Theo Loevendie & Strawberry Frog. Marlene Dumas, Ryuichi Sakamoto & KesselsKramer.

Aernout Mik, Guðni Franzson & Wieden & Kennedy. Viktor & Rolf, Toek Numan, Saatchi & Saatchi. John M. Armleder, Hans van Manen & Fastland. Jung von Matt, Haukur Tómasson & Yayoi Kusama. Pipilotti Rist, Caroline Berkenbosch & S.C.P.F. og Gillian Wearing & Yello – New®. Þessum hluta lýkur 24. febrúar.

Annar hlutinn hefst 28. febrúar og nefnist Ákveðin ókyrrð / Certain Turbulence en það eru gjörningar sem nemendur í Listaháskóla Íslands vinna í samstarfi við erlendra kennara. Gjörningarnir verða fluttir sem hluti af dagskrá Vetrarháttar dagana 28. febrúar til 2. mars.

Þrjú kennarar taka þátt í gjörningunum: Brian Catling, Julian Maynard Smith og Willem de Ridder. Öðrum hluta lýkur 2. mars. 4. mars hefst þriðji og síðasti



Verk eftir Lizu May Post á sýningunni Flash.

hlutinn sem nefnist Flash. Það er DVD-verk frá Bifron-stofnuninni í Amsterdam unnið í samstarfi tónlistarmanna og myndlistarmanna.

Eftirfarandi listamenn vinna saman að Flash: Maarten van Norden & Annette Messenger. Voderer & Liza May Post. Roderik de Man & Maura Biava. Paul Termos & Ansuya Blom. Maarten Altena & Ger van Elk. Eric Calmes & Henrik Peeters. Martijn Paddering & J.C. Ruggirello. Chiel Meijering & Jaap Kroneman og Louis Andriessen & Marijke van Warmerdam.

Loud & Clear og Flash verkefni eru bæði á vegum Bifron-stofnunarinnar í Amsterdam en framkvæmdastjórn hennar er Þóra Johansen. Dagskránni lýkur eins og fyrr segir 9. mars.